



12. desember 2025

GJALDSKRÁ fyrir hunda- og kattahald í Vopnafjarðarhreppi árið 2025.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Vopnafirði sbr. 12. gr. samþykktar nr. 704/2010 skal vera 15.600 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Vopnafirði sbr. 12. gr. samþykktar nr. 705/2010 skal vera 9.500 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

3.gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal liggja fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

4.gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, auk handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða handsömunargjald skv. samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði:

fyrir fyrsta skipti, sem dýrið er fangað	19.500 kr.
fyrir annað skipti	26.000kr.
fyrir þriðja skipti	32.500 kr.
Að auki skal greiða fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu.	3.900 kr.

Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili. Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

5. gr.

Með vísan til 12. gr. í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 og

samþykkt um kattahald nr. 705/2010 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2026. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vopnafirði 2025.

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps, 11. desember 2025.